



Reglugerðir SMS
2025 - 2026

Efnisyfirlit

Reglugerð um hlutverk stjórnar SMS	3
1. Stjórnarmeðlimir	3
2. Formenn	3
3. Nefndarmeðlimir	4
4. Meðlimir miðhóps:	4
Reglugerðir um hlutverk stjórnarnefnda	5
Reglugerð um Femínistafélagið	5
Reglugerð um Grautinn	5
Reglugerð um Hagsmunaráð	6
Reglugerð um Íþróttaráð	6
Reglugerð um leikfélagið Thalíu	6
Reglugerð um Listafélagið	7
Reglugerð um Markaðsráð	7
Reglugerð um Málfundarfélagið	7
Reglugerð um Ritnefnd	8
Reglugerð um Skemmtinefnd	8
Reglugerð um embætti miðhóps	9
Ármaður	9
Ritari	9
Biskup	10
Gjaldkeri	10
Markaðsstjóri	10
Reglugerð um undirnefndir SMS	11
Skipun formanna og meðlima undirnefnda	11
Meðlimir undirnefnda	11
Reglugerð um Útvarpsnefnd	12
Reglugerð fulltrúa starfsbrautar SMS	12

Reglugerð um hlutverk stjórnar SMS

1. Stjórnarmeðlimir

- 1.1. Eru virk í starfi sínu og sinna sínum verkefnum af skyldurækni.
- 1.2. Tryggja að ávallt sé jákvætt og fjölbreytt félagslíf í MS.
- 1.3. Eru skyldug til að mæta á viðburði á vegum SMS og sýna félagslífinu áhuga, þ.m.t. Morfis, Gettu Betur, uppsetningu leikrits, skólaböllin, söngvakeppni og fleira sem um er að vera.
- 1.4. Koma fram við aðra stjórnarmeðlimi af virðingu og fagmennsku. Ef upp kemur dónaskapur eða ósætti er skylda að tilkynna það til félagsmálastjóra.
- 1.5. Skyldug til að mæta á fundi, eru stundvís og verða að tilkynna fjarveru.
- 1.6. Fylgja skólareglum MS í starfi sínu á vegum skólafélagsins.
- 1.7. Hvetja og styðja aðra nefndarmeðlimi í sinni eigin nefnd ásamt í öllum öðrum nefndum.
- 1.8. Stjórnarmeðlimir sem ekki sinna skyldum sínum hljóta áminningu sem getur leitt til brottreksturs úr stjórn ef ástand helst óbreytt.

2. Formenn

- 2.1. Bera ábyrgð á starfi nefndarinnar.
- 2.2. Eru til staðar fyrir nefndarmeðlimi, eru hlutlaus og hlusta á allar hugmyndir.
- 2.3. Hafa ákvörðunarvald innan nefndarinnar ef upp kemur ágreiningur á milli nefndarmeðlima.
- 2.4. Sjá um að dreifa verkefnum jafnt á milli nefndarmeðlima.
- 2.5. Skipuleggja fundi nefndarinnar og halda utan um fundargerðir.
- 2.6. Tryggja að ávallt ríki góður andi og samvinna innan nefndarinnar.
- 2.7. Tryggja gott upplýsingaflæði innan nefndarinnar.
- 2.8. Mæta á formannafundi, 90% mætingarskylda er á formannafundi.
- 2.9. Koma hugmyndum nefndarinnar á framfæri til miðhóps og félagsmálastjóra.

3. Nefndarmeðlimir

- 3.1. Eru jákvæð og virk í hugmyndavinnu nefndarinnar.
- 3.2. Halda uppi góðri stemmingu innan nefndarinnar
- 3.3. Sinna sínum verkefnum og fylgja fyrirmælum formanns nefndar.
- 3.4. Eru skyldug að taka þátt í 90% af þeim viðburðum sem er á vegum SMS

4. Meðlimir miðhóps:

- 4.1. Eru fyrirmyndir og fulltrúar Skólafélagsins út á við.
- 4.2. Sjá um að upplýsingaflæði til stjórnar SMS, nemenda skólans og stjórnar MS sé gott.
- 4.3. Boða stjórnarmeðlimi á fundi eftir þörfum hverju sinni.
- 4.4. Eru hlutlaus gagnvart nefndum og nefndarmeðlimum.
- 4.5. Tryggja virkni allra nefnda í starfi SMS og fylgja verkefnum eftir.
- 4.6. Aðstoða nefndir þegar þess gerist þörf.
- 4.7. Sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar og þekking um störf SMS gangi á milli fráfaraandi og nýkjörinnar stjórnar.
- 4.8. Halda úti skrá yfir eigur SMS og hafa ein rétt til að ráðstafa þeim.
- 4.9. Hafa rétt til að sitja alla fundi sem snúa að starfsemi SMS.
- 4.10. Bera sameiginlega ábyrgð á Skólafélaginu.
- 4.11. Koma fram fyrir hönd stjórnar SMS á fyrirlestrum og kynningum á vegum skólans.

Reglugerðir um hlutverk stjórnarnefnda

Þessar reglugerðir þarf hver og ein nefnd að uppfæra og lagfæra í lok hvers kjörtímabils. Breytingar skulu staðfestar á Aðalfundi SMS á hverju ári.

Reglugerð um Femínistafélagið

1. Verkefni femínistafélagsins er að fræða nemendur skólans um jafnrétti, ofbeldi og kynjamismunun.
2. Femínistafélagið sér um uppsetningu og framkvæmd jafnréttisviku.
3. Fundir femínistafélagsins eru tvisvar sinnum í viku í þrjár vikur fyrir jafnréttisviku, annars einu sinni í mánuði yfir kjörtímabilið.
4. Femínistafélagið auglýsir þegar jafnréttisvikan er að bresta á og sér til þess að vekja athygli á mikilvægum málefnum s.s. kynjamismunun/jafnréttisbrotum/ofbeldi í tengslum við aðra stóra viðburði Skólafélagsins.
5. Kostnaðaráætlun skal vera tilbúin mánuði fyrir jafnréttisvikuna og unnin í samstarfi við Gjaldkera og félagsmálastjóra.
6. Nefndin sér um 1 viðburð í þemavikum í samstarfi við Listó og aðrar nefndir.
7. Fulltrúar frá Femínistafélaginu sitja í jafnréttisráði MS.

Reglugerð um Grautinn

1. Grauturinn skal gera lámark einn Grautarþátt á kjörtímabilinu ásamt því að birta reglulega myndbrot frá félagslífi skólans.
2. Nefndin leggur metnað og skipulagningu í Grautarvikuna.
3. Grauturinn hjálpar til ef aðrar nefndir þurfa myndefni eða auglýsingar.
4. Allir meðlimir hjálpast að við að klippa myndbönd, þeir sem það kunna kenna og hinir læra.
5. Nefndin þarf að skipuleggja áður en tókur hefjast og búa til dagatal með útgáfudögum o.fl. í byrjun kjörtímabilsins.
6. Nefndin sér um 1 viðburð í þemavikum í samstarfi við Listó og aðrar nefndir.

Reglugerð um Hagsmunaráð

1. Hagsmunaráð vinnur að hagsmunum allra nemenda í MS og passar að öllum líði vel.
2. Nefndin fundar a.m.k. 1 sinni í viku í þrjár vikur fyrir Góðgerðarviku og kosningaviku.
3. Í góðgerðavikunni sér nefndin til þess að það sé enginn eða lítill kostnaður og bara safnað fé fyrir einhverja stofnun.
4. Hagsmunaráð sér um eftirlit með nefndarviðtölum og sér til þess að þau fari siðsamlega fram, séu ekki of gróf og koma í veg fyrir leiðinlegar spurningar, sérstaklega í nýnemaviðtölunum.
5. Hagsmunaráð sér um að ritskoða allt efni sem Skólafélagið gefur frá sér, þ.m.t. skólablöðin og fréttamola.
6. Formaður Hagsmunaráðs heldur utan um edrúpottinn. Nefndin sér um að auglýsa edrúpottinn og finna vinninga í samstarfi við foreldrafélag MS.
7. Nefndin sér um 1 viðburð í þemavikum í samstarfi við Listó og aðrar nefndir.

Reglugerð um Íþróttaráð

1. Verkefni Íþró er að vekja meiri athygli og auka áhuga á iðkun íþrótta.
2. Íþró heldur a.m.k. eina íþróttaviku á kjörtímabilinu.
3. Dæmi um íþróttaviðburði sem nefndin heldur eru fótboltamót, körfuboltamót og ping pong mót, tennismót, blakmót, golfmót og pílumót.
4. Kostnaðaráætlun skal vera tilbúin 3 vikum fyrir stærri íþróttaviðburði nefndarinnar og unnin í samstarfi við Gjaldkera.
5. Íþró skal sækja sjálf um styrki til að fjármagna hluti tengda sínum viðburðum eins og treyjur.
6. Nefndin sér um 1 viðburð í þemavikum í samstarfi við Listó og aðrar nefndir.

Reglugerð um leikfélagið Thalíu

1. Thalía setur upp að minnsta kosti eina leiksýningu ár hvert.
2. Thalía vinnur eftir verkáætlun sem er staðfest í byrjun kjörtímabilsins.
3. Thalía þarf að skila fjárhagsáætlun fyrir 1. desember til miðhóps.
4. Thalía skal borga upp minnst 25% af heildarkostnaði leiksýningar með auglýsingatekjum og aukatekjum.

5. Hægt er að sækja um allt að 5 einingar fyrir að taka þátt í skipulagi leikritsins (þ.m.t. að vera í undirhóp) með því skilyrði að uppfylla að minnsta kosti 100 klst vinnu.
6. Thalía sér um að auglýsa viðburðina sína, útbúa plakat og leikskrá.
7. Nefndin fundar a.m.k. tvisvar sinnum í mánuði.

Reglugerð um Listafélagið

1. Listó skipuleggur þemavikurnar fjórar: Landó-, Nýnema-, 85- og Árshátíðarvikuna.
2. Listó býr til nýnemavakningamyndbönd og árshátíðarannálinn.
3. Listó hefur umsjón með útvarpsvikum og heldur þær í samstarfi við útvarpsnefnd.
4. Formaður Listó sér um að halda fund a.m.k. 2 í mánuði (t.d. ef það er ekki mikið að gera að halda fundi til að hafa gott upplýsingaflæði innan nefndarinnar).
5. Í upphafi kjörtímabilsins býr nefndin til drög að dagskrá fyrir árið.
6. Listó skilar inn kostnaðaráætlun fyrir hverja þemaviku til gjaldkera a.m.k. 2 vikum fyrir tiltekna viku.
7. Í lok kjörtímabilsins útbýr nefndin skýrslu um störf nefndarinnar, hvað gekk vel og hvað gekk illa o.s.frv. fyrir næsta formann Listó.

Reglugerð um Markaðsráð

1. Sér um miðasölu fyrir viðburði SMS.
2. Sér um að redda styrkjum fyrir skólafélagið í samráði við nefndir og í samræmi við viðburði framundan.
3. Sér um að redda sponsi fyrir SMS.

Reglugerð um Málfundarfélagið

1. Málfundarfélag skal skipuleggja allt sem tengist Morfis og Gettu Betur. Innifalið í því er innanskóla Gettu betur og ræðukeppni. Málfundarfélagið heldur miðhóp og félagsmálastjóra upplýstum um alla viðburði.
2. Málfundarfélag skal sjá um að auglýsa viðburði á sínum vegum. Á samfélagsmiðlum málfundarfélagsins, á auglýsingatöflum í húsakynnum Menntaskólans við Sund og á heimasíðu SMS. Gert tímalega, a.m.k. viku fyrir viðburð, og eins áberandi og hægt er.
3. Málfundarfélag skal ráða þjálfara fyrir Morfis og Gettu Betur í samráði við félagsmálastjóra.

4. Málfundarfélag skal halda úrtökur fyrir Morfis og Gettu Betur lið SMS í samráði við þjálfara og félagsmálastjóra. Inn í úrtökum fyrir Morfis lið er/u Morfis námskeið.
5. Málfundarfélag skal vera búið að skipa í Gettu Betur lið og Morfis lið fyrir 1. október. Reglulegar æfingar hefjast strax í kjölfarið. Lámark vikulegar æfingar í byrjun hjá Gettu Betur liði sem og svaraæfingar og slíkt hjá MORFÍs liði.
6. Nefndarfundir skulu vera haldnir að lámarki 1x í mánuði svo hægt sé að taka stöðuna, fylgjast með stöðu verkefna nefndarmeðlima og ræða áframhald. Nefnd þarf að komast að samkomulagi strax um hvenær á tímabilinu þessir fundir skulu vera, t.d. fyrsta miðvikudag hvers mánaðar.
7. Öll útgjöld skulu lögð fyrir miðhóp og krefjast samþykkist gjaldkera. Kostnaðaráætlun skal vera tilbúin 15. september. Í því felst kostnaður þjálfara hjá Morfis og Gettu Betur liðum. Hluti þess kostnaðar ætti að vera fjármagnaður með styrkjum sem Málfundarfélagið sér um að afla.
8. Málfundarfélag skal ávallt vera til staðar við uppsetningu á öllum atburðum undir sinni stjórn ásamt viðburðum undir stjórn SMS sé þess óskað af miðhóp.

Reglugerð um Ritnefnd

1. Ritnefnd skal sjá um útgáfu blaða á vegum SMS: nýnemablað, 85 blað, árshátíðarblað og Steingerði.
2. Ritnefnd sér um að skrifa mánaðarlega fréttamola sem birtir eru á heimasíðu og appi SMS. Ásamt því sér nefndin um nefndarmyndatökur í upphafi kjörtímabilsins.
3. Ritnefnd skal funda 2 sinnum í mánuði yfir kjörtímabilið en einu sinni í viku í a.m.k. þrjár vikur fyrir útgáfudag.
4. Öll útgjöld Ritnefndar skulu lögð fyrir miðhóp og krefjast samþykkis gjaldkera. Kostnaðaráætlun fyrir hvert blað skal vera tilbúin ekki seinna en 3 vikum fyrir útgáfudag.
5. Helmingur kostnaðar við útgáfu blaða skal kosta af auglýsingum eða aukatekjum.
6. Ritnefnd sér um 1 viðburð í þemavikum í samstarfi við Listó og aðrar nefndir.

Reglugerð um Skemmtinefnd

1. Meðlimir Skemmtó sjá um að halda öll böll og allt sem þeim tengist, þau eru Nýnemaballið, 85 ballið, Árshátíðina og Landbúnaðar ballið. Ásamt því sér Skemmtó um að plana nýnemaferðina (ásamt Listó) og Bauluna.
2. Skemmtó skal skila fjárhagsáætlun fyrir hvern viðburð til Gjaldkera með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

3. Meðlimir skemmtó þurfa alltaf að reyna betrubæta hvert ball, þ.e.a.s. fara yfir fyrri böll til að tryggja að sömu mistök séu ekki gerð tvisvar.
4. Meðlimir skemmtó fá frímiða á ball ef öllum skyldum er fylgt um mætingu á fundi, frumkvæði, verkefnavinnu, jákvæðni og góð samskipti.
5. Meðlimur skemmtó ber skylda til að hittast reglulega bæði á fundum varðandi störf nefndar (a.m.k. einu sinni í viku í mánuð fyrir ball) og hittast utan nefndarstarfsemi til þess að halda góðum anda innan hópsins.
6. Meðlimur Skemmtó ber skylda að taka við utanaðkomandi spurningum og tillögum frá nemendum utan stjórnar og framkvæma það sem hægt er.

Reglugerð um embætti miðhóps

Ármaður

1. Lyklavörður.
2. Úthlutar verkefnum og ábyrgð á miðhóp og formenn og passar að þeim sé fylgt eftir.
3. Passa að upplýsingaflæði sé nægilega gott, þ.e.a.s. að miðhópur, stjórn, félagsmálastjóri og formenn nefnda viti hvað er í gangi.
4. Boðar á fundi eftir þörfum.
5. Heldur uppi jákvæðari ímynd og stemningu innan stjórnarinnar.
6. Á í samskiptum við stjórn MS fyrir hönd Miðhóps.
7. Ber ábyrgð á öllu sem viðkemur SMS
8. Hefur loka ákvörðunarrétt í öllu sem tengist SMS
9. Eftirlitshlutverk
10. Ármaður sér um Ármanns tölvupóst.

Ritari

1. Ritar niður allt sem gerist á fundum miðhópar og miðstjórnar.
2. Heldur utan um fundargerðir og passar að þær séu aðgengilegar fyrir þá sem það á við (t.d. birta screenshot af fundargerð stjórnarfunda í stjórnargrúbbu á Messenger).
3. Býr til skýrslu skólafélagsins í lok hvers kjörtímabils.

4. Hefur umsjón með tölvupósti SMS.
5. Hefur yfirumsjón með peysum og öðru merch í nafni Skólafélagsins.
6. Auglýsir - póstar á insta og fb-grúbbur og sér til þess að allar nefndir geri það sama.
7. Passa uppá að auglýsingar fari tímanlega út til nemenda.

Biskup

1. Heldur Grautarmessur í þemavikum.
2. Hefur umsjón með 40 og þrennuni.
3. Umsjónarmaður Eigna (Merkir allar eignir SMS með númeri og setur inn í Excel skjal)
4. Ber ábyrgð á heimasíðu, appi og Instagram síðu Skólafélagsins. Sér um að þar séu birtir fréttamolar a.m.k. einu sinni í mánuði um lífið í MS ásamt mikilvægum tilkynningum um komandi viðburði o.þ.h.
5. Hægri hönd Ármanns og hjálpar til við allt sem þarf að gera aukalega.
6. Hefur aðgang að tölvupósti SMS.

Gjaldkeri

1. Vikulegar heimsóknir til fjármálastjóra MS.
2. Mánaðarleg Excel skýrsla.
3. Safnar saman öllum reikningum og kvittar fyrir greiðslum.
4. Reglulegt eftirlit með reikningum SMS.
5. Fara yfir fjárhagsáætlanir stjórnarnefnda fyrir alla viðburði og samþykkja eða breyta eftir fjárhagsstöðu hverju sinni.
6. Umsjón með fjárhagsáætlun SMS.
7. Gjaldkeri sér um gjaldkera tölvupóst.

Markaðsstjóri

1. Ber ábyrgð á skipulagðri miðasölu a.m.k. viku fyrir viðburð.
2. Ber sameiginlega ábyrgð á fjárhagsáætlun ásamt Gjaldkera SMS
3. Hefur yfirumsjón um að redda styrkjum fyrir skólafélagið í samráði við nefndir og í samræmi við viðburði fram undan.

4. Hefur yfirumsjón um að redda sponsi fyrir SMS

5. Er formaður Markaðsráðs

Reglugerð um undirnefndir SMS

1.1 Undirnefndir eru nefndir innan SMS sem tilheyra ekki stjórnarnefndum.

1.2. Allir meðlimir SMS geta verið í undirnefnd.

1.3. Hver einasti meðlimur SMS hefur heimild til þess að stofna undirnefnd. Til þess að undirnefnd teljist gild þarf að sækja um til miðhóps og fá samþykki.

1.4. Formenn undirnefnda hafa umsjón og bera ábyrgð á undirnefndinni ásamt því að koma störfum nefndarinnar á framfæri.

1.5. Undirnefndir fá ekki sjálfgefna fjárstyrki frá Skólafélaginu en geta sótt um styrki fyrir ákveðin verkefni.

1.6. Störf undirnefnda skulu ekki brjóta í bága við skólareglur Menntaskólans við Sund og fylgja reglugerðum um undirnefndir í hvívetna.

1.7. Útvarpsnefnd skal ávallt vera starfandi undirnefnd og halda úti hlaðvarpsþáttum í nafni SMS.

1.8. Fulltrúi starfsbrautar skal ávallt vera starfandi í undirnefnd og heldur utan um upplýsingarflæði í nafni SMS.

Skipun formanna og meðlima undirnefnda

2.1. Í upphafi hvers kjörtímabils skal Miðhópur ásamt hagsmunaráði auglýsa og halda viðtöl fyrir frambjóðendur í formenn undirnefnda, ekki seinna en þremur vikum eftir kosningar.

2.2. Tveir og tveir skulu bjóða sig fram saman sem formenn undirnefnda.

2.3. Sæti í undirnefnd eru að hámarki tíu, að formönnum meðtöldum.

2.4. Sæti undirnefnda skulu formenn fylla með viðtölum að loknum stjórnarnefndaviðtölum en eigi síður en þremur vikum eftir að formenn undirnefndar hafa verið skipaðir.

Meðlimir undirnefnda

3.1. Undirnefndarmeðlimir eru jákvæð og virk í vinnu nefndarinnar.

3.2 Undirnefndameðlimir halda uppi góðri stemmningu innan nefndarinnar.

3.3. Undirnefndameðlimir sinna sínum verkefnum og fylgja fyrirmælum formanna.

Reglugerð um Útvarpsnefnd

1. Útvarpsstjóri er formaður nefndarinnar.
2. Útvarpsnefnd sér um að gefa út hlaðvarpsþætti á Spotify fyrir nemendur skólans og aðra til að hlusta á. Þættirnir eru teknir upp með búnaði sem Skólafélagið á.
3. Útvarpsnefnd sér um útvarpsvikur, þ.m.t. skipulag dagskrárinnar sem gengur frá mánudegi til föstudags kl. 10-22. Nefndin þarf að hafa samband við fyrirtæki sem leigir út útvarpsbúnað og sækja um leyfi fyrir vikuna a.m.k. viku fyrir.
4. Útvarpsstjóri (formaður nefndarinnar) er ábyrgðaraðili útvarpsvikunnar og hlaðvarpsþáttanna.
5. Nefndin á að gefa út fjárhagsáætlun til miðhóps í lok ágúst, áður en skólaárið byrjar.

Reglugerð fulltrúa starfsbrautar SMS

1. Fulltrúi starfsbrautar er formaður nefndarinnar
2. Fulltrúi sér um að halda upplýsingarflæði innan starfsbrautar MS
3. Fulltrúi hittir félagsmálastjóra ásamt Miðhóp reglulega.
4. Fulltrúi hefur einn til tvo nefndarmeðlimi með í nefnd.